

## AÐ SKILJA OG SKYNJA UM LEIÐ

### Svipmynd af félagsmanni

*Már Viðar Másson sálfræðingur hefur verið í Vínafélagi Íslensku óperunnar í um áratug. Óperublaðið spurði hann um tildrög þess að hann gekk til liðs við félagið.*

“Fyrstu kynni mín af Vínafélaginu voru mynddiskasýningar Óperuklúbbs Styrktarfélags Íslensku óperunnar á óperum Wagners vorið 1994. Þær löngu setur voru ætlaðar sem undirbúningur fyrir sýningu Listahátíðar í Þjóðleikhúsinu á styttnum Niflungahring Wagners. Ég fékk afar mikið út úr þessum setum. Þær voru ofboðslega erfiðar í byrjun, en enduðu blessunarlega með því að ég náði að skilja og skynja tónlistina á þann hátt sem hefur veitt mér ánægju síðan. Það var Árni Tómas Ragnarsson sem stóð fyrir sýningunum. Og félagið skipti síðar um nafn og eðli,“ segir Már Viðar.

*Hann segist gjarnan sækja námskeið sem Vínafélagið á aðild að og kveðst hafa haft af því bæði gagn og gaman. „Námskeið um tónlist eru alls ekki á hverju strái fyrir almenning og það er áreiðanlega grundvöllur fyrir fleirum. Það getur m.a.s. verið árangursríkt að fræða fólk um praktíska hluti eins og hljómflutningstæki, tónlist á Netinu og tónlistarsöfn fyrir heimili,“ segir Már Viðar og bætir við: „Þar sem ég safna geisladiskum nýti ég mér afslátt þann sem aðild að Vínafélaginu veitir. Ég á fyrir nokkurn grunn, en reyni síðan að kaupa þá tónlist sem ég heyri í Óperunni eða annars staðar. Ég hef vanið mig á að hlusta á óperurnar í heild með textann fyrir framan mig – áður en ég mæti í Óperuna. Það kostar svolítið átak, en gefur góða raun. Þannig verður smám saman til safn.“*

### Skipulagðar óperu- og tónleikaferðir

*Már Viðar er á tölvupóstlista Vínafélagsins og kveðst þakklátur fyrir þær upplýsingar sem honum berast þá leið. „Ég leita einnig iðulega á Óperuvefinn (opera.is) eftir upplýsingum og hugmyndum. Ég kann vel við Óperublaðið eins og það er. Það hentar vel að nýta það sem e.k. dagskrá þeirra sýninga sem í boði eru. Mér finnst einnig gott þegar sagt er frá því sem vel er gert í nágrannalöndum okkar, bæði uppá samanburð og hugsanlegar óperuferðir. Þá vil ég sérstaklega geta hádegistónleikanna sem ég hef sótt alla. Mér finnst þeir færa mér þann ljúfa tón og þau björtu litbrigði sem gera lífið enn meira heillandi.“*

*Már Viðar hefur farið nokkrar óperu- og tónleikaferðir til útlanda. „Þær ferðir hafa nær allar verið skipulagðar af öðrum. Ég væri afar þakklátur ef Vínafélagið tæki slíkt að sér. Ferðir mega snúast um einstök tónskáld eða um einstaka listamenn (íslenska söngvara) eða vera hátíðir með blönduðu ívafi. Best finnst mér ef duglegt fólk hefur skipulagt ferðina í þaula fyrir mig, gjarnan með útúrdúrum.“*


### Byggingarsteinar tónlistarinnar


*En hver er Már Viðar Másson? „Ég er sálfræðingur og stundaði framhaldsnám í Uppsöllum. Þar tók ég að mér um skeið að vera fulltrúi Íslendinga í félagi sem hefur það eina hlutverk að koma fólki úr minni borgunum í kringum*

Stokkhólm í leikhús og á tónleika í höfuðborginni. Félagið sá síðan um að útvega þá miða sem ég pantaði. Sjálfur fékk ég ókeypis aðgang og voru það einu launin. Ég fór með þessum hætti með mikinn fjölda landa minna á bestu leiksýningar og tónleika sem í boði voru í þessari menningarborg. Tvisvar á ári var okkur umboðsmönnum boðið á námskeið um leiklist og tónlist. Ég man vel eftir því þegar góður maður tók okkur í tíma í tónlist. Hann kynnti í stuttu máli hvernig tónlistin skiptist í tímabil og hver einkenni hvert tímabil hefði. Alla tónlist var sem sagt hægt að skilja og skynja út frá ákveðnum forsendum. Ég áttaði mig strax á því að þarna hafði opnast innkomuleið fyrir mig inn í þessa flóknu veröld og ég var ákveðinn í því að þangað inn skyldi ég fara,“ *segir hann.*

*Már Viðar hefur áður lýst því hér í Óperublaðinu (2. tbl. 1998) hvernig tónlistarnámskeið Ingólfs Guðbrandssonar urðu síðan til þess árið 1993 að tónlistin varð að helsta áhugamáli hans. „Ég hafði vissulega sótt tónleika Kammermúsíklúbsins og Íslensku óperunnar áður og séð nokkrar sýningar Konunglegu óperunnar sænsku. En þarna náði ég fyrst góðum tókum á tónlistinni (eða hún á mér). Það hentar mér vel að skilja hlutina um leið og ég skynja þá. Það varð mér því ómetanlegt að komast til botns í því hvernig tónlistin hefur þróast, hvaðan hún kemur og hverjir byggingarsteinar hennar eru.“*

Viðtal við ritstjóra Óperublaðsins.  
Birtist í 2. tbl. Óperublaðsins 2004.





## AÐ SKILJA OG SKYNJA UM LEIÐ

Mær Viðar Músson sálfræðingur hefur verið í Vínafélagi Íslensku óperunnar í um áratug. Óperublaðið spurði hann um tildrög þess að hann gekk til liðs við félagið.

„Fyrstu kynni mín af Vínafélaginu voru mynddiskasýningar Óperuklúbbs Styrktarfélags Íslensku óperunnar á óperum Wagners vorið 1994. Þær löngu setur voru ætlaðar sem undirbúningur fyrir sýningu Listahátíðar í Þjóðleikhúsinu á styttnum Niflungahring Wagners. Ég fékk afar mikið út úr þessum setum. Þær voru ofboðslega erfiðar í byrjun, en enduðu blessunarlega með því að ég náði að skilja og skynja tónlistina á þann hátt sem hefur veitt mér ánægju síðan. Það var Árni Tómas Ragnarsson sem stóð fyrir sýningunum. Og félagið skipti síðar um nafn og eðli,“ segir Mær Viðar.

Hann segist gjarnan sækja námskeið sem Vínafélagið á aðild að og kveðst hafa haft af því bæði gagn og gaman. „Námskeið um tónlist eru alls ekki á

hverju strái fyrir almenning og það er áreiðanlega grundvöllur fyrir fleirum. Það getur m.a.s. verið árangursríkt að fræða fólk um praktíska hluti eins og hljómflokkningstæki, tónlist á Netinu og tónlistarsöfn fyrir heimili,“ segir Már Viðar og bætir við: „Þar sem ég safna geisladiskum nýti ég mér aflslátt þann sem aðild að Vinafélaginu veitir. Ég á fyrir nokkurn grunn, en reyni síðan að kaupa þá tónlist sem ég heyrir í Óperunni eða annars staðar. Ég hef vanið mig á að hlusta á óperurnar í heild með textann fyrir framan mig – áður en ég mætti í Óperuna. Það kostar svolítið átak, en gefur góða raun. Þannig verður smám saman til safn.“

### Skipulagðar óperu- og tónleikaferðir

Már Viðar er á tölvupóstlista Vinafélagsins og kveðst þakklátur fyrir þær upplýsingar sem honum berast þá leið. „Ég leita einnig iðulega á Óperuvefinn (opera.is) eftir upplýsingum og hugmyndum. Ég kann vel við Óperublaðið eins og það er. Það hentar vel að nýta það sem e.k. dagskrá þeirra sýninga sem í boði eru. Mér finnst einnig gott þegar sagt er frá því sem vel er gert í nágrennalöndum okkar, bæði uppá samanburð og hugsanlegar óperuferðir. Þá vil ég sérstaklega geta hádegistónleikanna sem ég hef sótt alla. Mér finnst þeir færa mér þann ljúfa tón og þau björtu litbrigði sem gera lífið enn meira heillandi.“

Már Viðar hefur farið nokkrar óperu- og tónleikaferðir til útlanda. „Þær ferðir hafa nær allar verið skipulagðar af öðrum. Ég væri afar þakklátur ef Vinafélagið tæki slíkt að sér. Ferðir mega snúast um einstök tónskáld eða um einstaka listamenn (Íslenska söngvara) eða vera hátíðir með blönduðu ívafi. Best finnst mér ef duglegt fólk hefur skipulagt ferðina í þaula fyrir mig, gjarnan með útúrdúrum.“

### Byggingarsteinar tónlistarinnar

En hver er Már Viðar Mássón? „Ég er sálfræðingur og stundaði framhaldsnám í Uppsöllum. Þar tók ég að mér um skeið að vera fulltrúi Íslendinga í félagi sem hefur það eina hlutverk að koma fólki úr minni borgunum í kringum Stokkhólm í leikhús og á tónleika í höfuðborginni. Félagið sá síðan um að útvega þá miða sem ég pantaði. Sjálfur fékk ég ókeypis aðgang og voru það einu launin. Ég fór með þessum hætti með mikinn fjölda landa minna á bestu leik-sýningar og tónleika sem í boði voru í þessari menningarborg. Tvisvar á ári var okkur umboðsmönnum boðið á námskeið um leiklist og tónlist. Ég man vel eftir því þegar góður maður tók okkur í tíma í tónlist. Hann kynnti í stuttu máli hvernig tónlistin skiptist í tímabil og hver einkenni hvert tímabil hefði. Alla tónlist var sem sagt hægt að skilja og skynja út frá ákveðnum forsendum. Ég áttaði mig strax á því að þarna hafði opnast innkomuleið fyrir mig inn í þessa flóknu veröld og ég var ákveðinn í því að þangað inn skyldi ég fara,“ segir hann.

Már Viðar hefur áður lýst því hér í Óperublaðinu (2. tbl. 1998) hvernig tónlistarnámskeið Ingólfs Guðbrandssonar urðu síðan til þess árið 1993 að tónlistin varð að helsta áhugamáli hans. „Ég hafði vissulega sótt tónleika Kammermúsíklúbsins og Íslensku óperunnar áður og séð nokkrar sýningar Konunglegu óperunnar sænsku. En þarna náði ég fyrst góðum tókum á tónlistinni – eða hún á mér. Það hentar mér vel að skilja hlutina um leið og ég skynja þá. Það varð mér því ómetanlegt að komast til botns í því hvernig tónlistin hefur þróast, hvaðan hún kemur og hverjir byggingarsteinar hennar eru.“